Félagsmálaráðuneytið

Skrifstofa húsnæðis- og lífeyrismála

frn@frn.is

Skógarhlíð 6

105 Reykjavík

Reykjavík 14. maí 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki, nr. 160/2010, með síðari breytingum (flokkun mannvirkja og eftirlit með mannvirkjagerð).

Frumvarpinu er ætlað að einfalda regluverk byggingarmála og gera það skilvirkara sem hefur í för með sér lægri byggingarkostnað, aukið framboð á íbúðum og bætta stöðu á húsnæðismarkaði.

Þarna er ráðuneytið í algjöru dauðafæri til að bæta réttindi hreyfihamlaðs fólks hvað aðgengi varðar.

Lög um mannvirki nr. 160/2010 áttu að gjörbylta réttingum alls fatlaðs fólks hvað aðgengi varðar. Það hefur alls ekki gengið eftir. Stærsta ástæðan fyrir því er slakt eftirlit. Hönnuðir, framkvæmda- aðilar fara í margskonar „æfingar“ til að koma sé hjá því að tryggja aðgengi fyrir alla alls staðar. Einfaldasta og sú hrokafyllsta er einfaldlega að sleppa aðgengi, t.d með því að sleppa kaupum á lyftu, um þetta eru mörg dæmi. Nýjasta dæmið er nýtt þjónustuhús við bátahöfnina á Borgarfirði Eystra. Sveitarfélagið á staðnum fékk um 60 miljónir af skattfé úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að reisa bygginguna. Stefnt er að því að klára lyftukaupin fyrir sumarið. Ekki liggur þó skýrt fyrir hvort þarna er átt við sumarið 2020 eða 2030.

Samtök hreyfihamlaðs fólks eru full efa um frumvarpið. Styrkja verður rétt hreyfihamlaðs fólks til aðgengis að húsnæði fyrst. Þar er nærtækast að nefna til sögunar byggingarfulltrúa allra sveitarfélaga svo og Húsnæðis og mannvirkjastofnun. Heimildir þessara aðila til að stoppa framkvæmdaraðila af eru mjög veikar. Hægt er að reisa mannvirki og taka þau í notkun án þess að aðgengi fyrir hreyfihalaða sé tryggt. Eina sem til þarf er að bíða með svokallaða lokaúttekt. Hafi hún ekki farið fram getur aðgengi verið í skötulíki.

Í þeim löndum sem við berum okkur saman við er öll lagaumgjörð um aðgengi mun betri. Besta lagaumgjörðin er í Bandaríkjunum. Þar er í gildi sér lög um aðgengi. Þau eru byggð á þeim grundvallar rétti að allir Bandaríkjamenn eigi rétt á aðgengi að húsnæði sem ætlað er almenningi. Sé sá réttur ekki virtur eiga opinberir jafnt sem einkaaðilar það á hættu að farið verði í málsókn við viðkomandi vegna mismununar.

Sjálfsbjörg leggst því gegn frumvarpinu enda telja samtökin að verið sé að byrja á öfugum enda.

Nær væri að styrkja embætti byggingarfulltrúa í að sinna sínu eftirliti með aðgengi fyrir alla.

Virðingarfyllst

Bergur Þorri Benjamínsson

_____

Bergur Þorri Benjamínsson formaður Sjálfsbjargar lsh.